4.6.2015

Við hjónin Sölvi Pálsson og Ragnheiður Ólafsdóttir sendum harðorð mótmæli við að fella út 25 gr. Í nýju húsnæðissamvinnulögunum og einnig að breyta 20. Gr. Þar sem réttur búseturétthafa í gömlu lögunum er varinn. Við lítum svo á að fólk sem býr á landsbyggðinni sé með þessu algjörlega réttlaust í þessum lagadrögum. Þar sem lögvarinn eignaréttur er hreinlega gerður upptækur og busetugjaldið gefið til Búseta eða Búmanna ef að fólk vill selja rétt sinn eða losna undan skildum sínum á landsbyggðinni. Fólk á stór Reykjavíkur svæðinu er sennilega margt hvert ánægt með þessi lagadrög þar sem fólk þar getur auðveldlega selt rétt sinn en víða ekki á landsbyggðinni.
Búseti er með góðan málsstað nú þegar en Búmenn eru með allt niður um sig. Vísa í uppsögn og skil á íbúð Búseta
Þar sem segir. * Uppsagnafrestur búseturétthafaíbúðar er 6 mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við að íbúðin afhendist ekki seinna en 6 mánuðum síðar í góðu ástandi Uppgjör fer fram 4 vikum eftir að nýr íbúi hefur tekið við íbúðinni hafi engar athugasemdir borist frá nýjum eiganda*
Takist ekki að selja búseturéttinn á uppsagnartímanum ber Búseti hsf ábyrgð á búseturéttargjaldinu eftir að honum líkur og hefur umráðarétt yfir íbúðinni. Endurgreiðsla á búseturétti getur dregist í allt að 6 mánuði eftir að uppsagnarrétti líkur
Samkvæmt nýju lagadrögunum er, ef að fólk getur ekki selt ,þá verður það að gefa viðkomandi Búmönnum eða Búseta rétt sinn. Smbr. ***réttindi og skildur búseturétthafa*** Ber ykkur sem fjallið um okkar mál á Alþingi að lesa vel, einnig bendum við á að að skoða efst á bls. 15-16 Ennfremur er lagt til.....
Löggjafinn ætlar að setja hámark á hverju búseturétthafar meiga tapa af eigum sínum er það eðlilegt samkvæmt lögvörðum eignarétti okkar í stjórnarskrá.
Það er óþolandi og ólíðandi að Alþingi setji lög sem eru einhliða varinn réttur Búmanna stjórn og Búseta hsf en ekki tekið tillit til búseturétthafa þar sem lögvarinn stjórnarskrárbundinn eignaréttur þess fólks og þinglýstur einnig talin fram á skattaframtali sem eign er virtur að engu.
P.S. Við tilheyrum gömlu lögunum en samkvæmt nýja lagafrumvarpinu verðum við ef við viljum selja að upplýsa nyja kaupendur um rétt þeirra og skildur og að hugsanlega þurfi fólk að afskrifa búseturéttargjaldið.

Við eru hvenær sem er tilbúin að ræða þessi mál og vonum að það verði tekið tillit til skoðana okkar sem búseturétthafar í Búmönnum Hsf.
Bestu kveðjur
Ragnheiður Ólafsdóttir
Formaður búseturetthafa
Sölvi Steinberg Pálsson
Þjóðbraut 1 Akranesi s/ 8626661